

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen, Helga Jóhannsdóttir(ritari), Nína María Morávek (foreldraráð), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundson, Þórhalla Steinþórsdóttir.

Fulltrúi nemenda samþykkti ekki fundarboðið.

Mættir á TEAMS: Unnur Lilja Hermannsdóttir(formaður), Hildur Sverrisdóttir og Karl Sigurðsson

Hádegisfundur 10. júní kl. 12:00 – 13:15.

Efni fundarins er eftirfarandi:

1. Ársreikningur síðasta árs
2. Uppgjör vorannar og skólahald á tímum COVID-19
3. Staða innritunar fyrir haustönn 2020
4. Framkvæmdir í MH
5. Önnur mál
6. Göngutúr um skólann

1. Ársreikningur síðasta árs

Signý Böðvarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir ársreikninginn og svaraði spurningum um hann. Reksturinn samkvæmt áætlunum.

2. Uppgjör vorannar og skólahald á tímum Covid-19

Vorönnin talin hafa gengið vel í ljósi aðstæðna. Nemendafélagið var með kosningar á netinu, sem þau hafa gert áður, en kosningabaráttan varð ekki mikil. Ekki tókst að manna öll ráð en það mun verða gert í haust. Nemendur söknuðu félaganna en í heildina gekk þetta vel.

Kennarar voru á fullu að tileinka sér nýjar aðferðir sem voru nýttar í kennslu. Það urðu miklar breytingar á notkun á Innu og Teams. Próftímabilið gekk vel og er tilfinningin að minna hafi verið um fall þó að t.d tölur úr fyrsta áfanga í stærðfræði sýni sömu fallprósentu milli vorannar 2020 og 2019. Þetta mætti skoða við næsta tækifæri.

Útskriftin var í tvennu lagi þar sem fjöldatakmörkanir voru í gangi. Flestir sátir og athöfninni var streymt út á netið fyrir þá sem ekki máttu koma vegna takmarkana. Stefnt að því að halda áfram að streyma útskriftarathöfnum.

3. Staða innritunar fyrir haustönn 2020

Innritun lýkur á miðnætti í kvöld. Umsóknnum raðað eftir einkunnum í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Samræmd próf eru líka notuð ef þarf en fremur fáir sem senda þær niðurstöður inn.

4. Framkvæmdir í MH

Gönguferð um skólann til að sýna framkvæmdir sem átt hafa sér stað í skólanum og stefnt er að ljúki næsta haust.

5. Önnur mál

- MH er kominn með jafnlaunavottun.
- Könnunin Stofnun ársins kom vel út og hækkun á milli ára.
- Vonum að haustönnin fari af stað í venjulegu umhverfi en annars eru allir reynslunni ríkari og sumar deildir hugsa um plan A og plan B.
- Spurt var um sérnámsbrautina. Þar er viðkvæmur hópur sem þarf að taka vel á móti næsta haust og hlúa vel að eftir aðstæðurnar á vorönninni.

6. Göngutúr um skólann að skoða framkvæmdir.

Rektor gekk um skólann með nefndarmeðlimi sem voru í húsinu.

Næsti fundur miðvikudaginn 16. september 2020

Ritari: Helga Jóhannsdóttir